



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 04. september 2018 á Kjóavöllum.

10. fundur

Fundur hófst kl. 17:30

Mættir: Auður Stefánsdóttir, Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Hermann Vilmundarson, Sverrir Einarsson og Magnús Benediktsson framkv.stj.

Lárus Finnbogason, Sigurður Tyrfingsson, Ragna Emilsdóttir boðuðu forföll.

Á þessum 10. fundi stjórnar var eftirfarandi tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar samþykkt.
2. Haldnir voru nokkrir óformlegir fundir í sumar vegna Íslandsmóts, fjármála og framtíðar félagsins.
3. Stjórnin hitti forsvarsmenn bæjarfélaganna vegna fjárhagsstöðu félagsins. Þar vegur þyngst dómurinn sem féll á félagið í sumar sjá fundargerð nr. 9.
4. Íslandsmót eldri og yngri flokka var haldið í Víðidal. Skráningar voru með mesta móti og gekk mótshald vonum framar. Stjórn og framkvæmdastjóri vilja koma á framfæri kæru þakklæti til allra sjálfboðaliða sem komu að mótahaldinu.
5. Verið er að leggja lokahönd á skipulag vetrarins. Búið er að setja upp metnaðarfulla dagskrá fyrir 2019. Samvinna hefur verið á milli framkvæmdastjóra Sprettis og Fáks í uppsetningu dagskrár vetrarins.
6. Landsþing LH verður haldið á Akureyri 12.10-13.10. Sprettur sendir sína fulltrúa og verið er að setja saman lista þeirra sem fara sem fulltrúar félagsins.
7. Leggja þarf lokahönd á tillögur fyrir landsþing LH sem skila þarf inn fyrir mánaðamót.

Fundi slitið kl. 19:00 Fundargerð ritaði Auður Stefánsdóttir